



Ljómmynd: Karl Pétursson

## Fangelsi á Hólmsheiði, Nesjavallaleið 9

Fangelsi á Hólmsheiði er gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi með deild fyrir kvenfanga og aðstöðu fyrir afplánun skemmmri fangelsisrefsinga og vararefsinga. 56 fangaklefar eru í fangelsinu en aðrar einingar fangelsisins eru aðkoma, varðstofur, heimsóknaraðstaða, vinnu- og frístundaaðstaða og stjórnunar- og starfsmannaaðstaða.

|                            |  |
|----------------------------|--|
| <b>Verkkaupi:</b>          | Innanríkisráðuneytið   |
| <b>Notandi:</b>            | Fangelsismálastofnun   |
| <b>Umsjón og eftirlit:</b> | Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR<br>Örn Baldursson verkefnastjóri<br>Hreinn Sigurðsson verkefnastjóri |

|                    |  |
|--------------------|--|
| <b>Stýrihópur:</b> | Steinn V. Óskarsdóttir formaður, sérfræðingur innanríkisráðuneyti<br>Páll E. Winkel forstjóri Fangelsismálastofnunar<br>Óskar Valdimarsson forstjóri FSR til október 2014<br>Halldóra Vífilsdóttir forstjóri FSR frá nóvember 2014 |
|--------------------|--|

|                                      |                                    |
|--------------------------------------|------------------------------------|
| <b>Ráðgjafi á undirbúningsstigi:</b> | Stefán P. Eggertsson verkfræðingur |
|--------------------------------------|------------------------------------|

|                |  |  |
|----------------|--|--|
| <b>Hönnun:</b> | Arkís arkitektar ehf<br>Verkís hf<br>Mannvit hf<br>Lota ehf (áður VSÍ) | Bygging og lóð<br>Rafkerfi og öryggishönnun<br>Burðarþol, lagnir og hljóðhönnun<br>Brunahönnun |
|----------------|--|--|

|                       |              |                              |
|-----------------------|--------------|------------------------------|
| <b>Listskreyting:</b> | Berghall ehf | Anna Hallin og Olga Bergmann |
|-----------------------|--------------|------------------------------|

|                   |   |  |
|-------------------|---|--|
| <b>Verktakar:</b> | Ístak hf<br>ÍAV hf<br>Öryggismiðstöð Íslands hf | Jarðvinna og heimlagin<br>Hús og lóð<br>Öryggis- og samskiptakerfi |
|-------------------|---|--|

|                 |            |  |
|-----------------|------------|--|
| <b>Stærðir:</b> | Hús:       | 3.595 m <sup>2</sup> / 14.516 m <sup>3</sup> |
|                 | Lóð:       | 37.400 m <sup>2</sup>                        |
|                 | Bílastæði: | 44 stk.                                      |

|                   |                       |
|-------------------|-----------------------|
| <b>Kostnaður:</b> | Um 2,7 milljarðar kr. |
|-------------------|-----------------------|

|                      |               |
|----------------------|---------------|
| <b>Skóflustunga:</b> | 4. apríl 2013 |
|----------------------|---------------|

|                  |                       |
|------------------|-----------------------|
| <b>Verktími:</b> | Júní 2013 - júní 2016 |
|------------------|-----------------------|

|                          |  |
|--------------------------|--|
| <b>Umhverfissvottun:</b> | Fangelsið á Hólmsheiði verður með umhverfissvottun skv. breska svottunarkerfinu BREEAM í flokknum „Very good“. |
|--------------------------|--|

Markmið verkkaupa með verkefninu að bæta skilyrði til afplánunar fangelsisrefsinga. Fangelsið á Hólmsheiði leysir af hólmi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9, sem starfrækt hefur verið í rúm 140 ár, og kvennafangelsið að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi, en hvorugt þeirra uppfyllir nútímakröfur um fangavist. Einnig verður gæsluvarðhaldsdeild í Fangelsinu á Litla-Hrauni lögð niður og aðstaða hennar tekin fyrir afplánun.

Fangelsið markar tímamót í sögu fangelsismála á Íslandi en það er fyrsta fangelsið sem er hannað og byggt sem slíkt síðan Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9 var tekið í notkun árið 1874. Fangelsið á Litla-Hrauni var upphaflega byggt sem Sjúkrahús Suðurlands, en Landsstjórnin keypti bygginguna 1929 og breytti því í fangelsi.